

Fundargerð 83. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2024, þriðjudaginn 29. október kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtal með Hafrannsóknarstofnun - 2410001SU

Þorsteinn Sigurðsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar kom inn á fundinn undir þessum lið.

Fór Þorsteinn yfir dreifingu loðnunnar í haust miðað við mælingar og virðist hún vera að dragast saman til suðurs í minna magni en búist var við. Nýjar mælingar eru fyrirhugaðar í janúar. Ekki hefur verið óskað eftir mælingum á veiðipoli hvala frá Hafró, en vísbendingar benda til fylgni milli hvala og loðnu. Jafnframt fór Þorsteinn yfir verkefni stofnunarinnar og hvernig þau verkefni standa af sér gagnvart fjárveitingum hennar.

Stjórn þakkar Þorsteini góða samantekt og leggur áherslu á gott samstarf og samtal við Hafrannsóknarstofnun áfram. Jafnframt vill stjórn beina því til Matvælaráðherra og fjármálaráðherra að mikilvægt er að Hafrannsóknarstofnun fái sérmerkt aukið fjárframlag til loðnuleitar á næsta ári. Samtökin hafa áður vakið athygli á þjóðhagslegu mikilvægi loðnuveiða og því brýnt að hægt sé að ráðast í leit og rannsóknir á þeim stofni á næsta ári án þess að það komi niður á öðrum mikilvægum rannsóknnum sem stofnunin er að sinna á öðrum veiðistofnum.

2. Stjórn skiptir með sér verkum - 2409001SU

Ný stjórn skiptir með sér verkum í samræmi við 10. gr. samþykka samtakanna.

Tillaga formanns vegna verkaskiptingar er að Íris Róbertsdóttir verði varaformaður og Fannar Jónasson gjaldkeri samtakanna.

Tillaga formanns um verkaskiptingu stjórnar samþykkt samhljóða.

3. Verkefni vetrarins. - 2409001SU

Rætt var um að fá sérfræðinga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til samtals um útfærslur væntanlegra verkefna.

Formanni og starfsmanni falið að útfæra það nánar fyrir næsta stjórnarfund sem boðaður verður í nóvember.

Fundi var slitið kl. 08:40